

MALBIKUNARSTÖÐIN
HÖFÐI
• Malbikun • Grjótnám

**Malbikunarstöðin
HÖFÐI hf.
Álhella 34**



Malbikunarstöðin HÖFÐI hf.
Kt. 581096-2919
Álhella 34, 110 Reykjavík

Grænt bókhald 2021

Ársskýrsla

Efnisyfirlit:

| | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Staðfesting endurskoðanda | 4 |
| Almenn lýsing | 5 |
| Umhverfisstefna | 6 |
| Staðsetning | 7 |
| Starfsleyfi og bókhaldsskylda | 7 |
| Bókhald | 8 |
| Skýringar við grænt bókhald | 8 |
| Eftirlit Umhverfisstofnunar 2020 | 9 |

GRÆNT BÓKHULD

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra


Rekstur fyrirtækisins með tilliti til umhverfismála var með eðlilegum hætti á árinu 2021. Virk vöktun var með öllum helstu lykiltölum, sem varða umhverfismál, í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. álíta, að grænt bókhald, sem sett er fram í skýrslu þessari, gefi nauðsynlegar og réttar upplýsingar um umhverfismál fyrirtækisins.


Stjórn og framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. staðfesta hér með grænt bókhald fyrirtækisins fyrir árið 2021 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 8. apríl 2022.

Í stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.


Margrét S. Þórunn
Valgerður Sig

Framkvæmdastjóri:




STAÐFESTING ENDURSKOÐANDA GRÆNS BÓKHALDS:

Mat skoðunarmanns græns bókhalds:

Ég hef endurskoðað skýrslu Malbikunarstöðvarinnar Höfða um grænt bókhald fyrir árið 2021 sbr. gr. 10 reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem koma fram í græna bókhaldinu. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traust til að byggja það álit mitt að grænt bókhald Malbikunarstöðvarinnar Höfða fyrir árið 2021 uppfyllir kröfur rg. 851/2002.

Reykjavík, 8. apríl, 2022



Helga Jóhanna Bjarnadóttir, efnaverkfræðingur
Skoðunarmaður græns bókhalds
EFLU verkfræðistofu.

ALMENN LÝSING Á FYRIRTÆKINU:

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN 9001* gæðastaðli og tryggir að framleiðsluvörur uppfyllir kröfur samkvæmt CEN stöðlum. Fyrirtækið fékk vottun á umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN 14001* á árinu 2015.

Umhverfisstjórnunarkerfið tekur til allrar starfsemi fyrirtækisins án undantekninga.

Fyrirtækið er með vottað kerfi um öryggi og heilbrigði starfsmanna sem byggir á kröfum í staðlinum *ÍST EN 45001* og reglugerð nr. 920/2006.

Fyrirtækið skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um aðgerðir í loftlagsmálum 16. nóvember 2015.

Fyrirtækið fékk vottun á jafnlaunakerfi *ÍST 85* árið 2020.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf.

Stjórn fyrirtækisins sem tók við í júní 2020 skipa: Helgi Geirharðsson stjórnarformaður, Margrét S. Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Framkvæmdastjóri er Ásberg Konráð Ingólfsson. Rekstrarstjóri er Hörður Gunnarsson. Deildarstjórar eru: Theodór Welding Snorrason, framleiðsludeild og hráefnadeild, Ólafur Sigurmundsson, framkvæmdadeild, Hafdís Guðlaugsdóttir, deildarstjóri sölu- og fjármáladeildar og Elín Ásdís Ásgeirsdóttir, rannsókn- og þróunardeild. Elín Ásdís Ásgeirsdóttir er gæðastjóri.

Malbikunarstöðin Höfði hf. keypti lóð undir malbikunarstöð að Álhelli 34 í Hafnarfirði. Fyrirtækið yfirtók starfsleyfi sem malbikunarstöð Munck hafði á lóðinni. Í nóvember 2021 hófst flutningur á malbikunarstöð Benninghoven og mun malbikunarframleiðsla hefjast árið 2022. Engin malbikunarframleiðsla var að Álhelli árið 2021

UMHVERFISSTEFNA:

Starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á umhverfið og er háð lögum og reglugerðum. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Malbikunarstöðin HÖFÐI að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og spara hráefni. Fyrirtækið hefur sett sér eftirfarandi umhverfisstefnu og markmið sem eru rýnd árlega af stjórnendum:

Umhverfisstefna.

Malbikunarstöðin Höfði hf. vinnur að því að koma í veg fyrir mengun af starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála. Fyrirtækið vaktar og stýrir umhverfispáttum.

Malbikunarstöðin Höfði hf. uppfyllir kröfur samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli. Fyrirtækið uppfyllir kröfur samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðli.

Malbikunarstöðin Höfði hvetur starfsmenn til að vinna störf sín á umhverfisvænan hátt. Fyrirtækið stefnir að því að ráða hæft starfsfólk sem fær hjálfun og fræðslu til að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi.

Fyrirtækið fylgist með að lögum og reglugerðum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins sé fylgt. Enn fremur fylgist fyrirtækið reglulega með breytingum á lögum og reglugerðum.

Malbikunarstöðin Höfði hf. færir grænt bókhald.

Malbikunarstöðin Höfði hf. tekur tillit til umhverfispáttta við val á innkaupum og við framkvæmdir.

Fyrirtækið gætir að umhverfispáttum við vöruþróun.

Malbikunarstöðin Höfði hf. tekur tillit til umhverfispáttta við val á nýjum framleiðsluferlum.

Umhverfismarkmið.

Malbikunarstöðin Höfði hf. ætlar að minnka notkun á óendurnýjanlegum orkugjöfum.

Malbikunarstöðin Höfði hf. ætlar að minnka magn almenns sorps.

Malbikunarstöðin Höfði hf. ætlar að auka framleiðslu á endurnýttu malbiki.

STAÐSETNING:

Malbikunarstöðin Höfði hf. keypti lóð á Álhelli 34, Hafnarfirði á árinu. Með lóðarkaupunum yfirtók fyrirtækið starfsleyfi af Munck sem var þar áður með starfsleyfi. Framleiðsla á malbiki og muldum steinefnum var að öllu leyti að Sævarhöfða. Flutningur á Benninghoven stöðinni frá Sævarhöfða að Álhelli stóð frá október og er enn í vinnslu. .

STARFSLEYFI OG BÓKHALDSSKYLDA:

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með gilt starfsleyfi til 31. des 2022 að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík og 8.júní 2034 að Álhelli 34, Hafnarfirði. Útgefandi starfsleyfis og eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun. Starfsleyfi fyrirtækisins kveður á um að það skuli færa grænt bókhald. Samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald fellur fyrirtækið undir fyrirtækjaflokk 6.11, sem eru olúmalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetnin

BÓKHALD:

Niðurstöður græna bókhaldsins árið 2021 eru birtar í formi stuðla að hluta í töflunni hér á næstu síðu. Grunnár er árið 2021.

Grænt bókhald 2021

| Umhverfispáttur í starfsemi | Stuðull/Magn | 2021 |
|--|--------------|------|
| Hráefni | | |
| Steinefni í eigin framleiðslu (%) | | 0 |
| Steinefni til annarra (%) | | 0 |
| Asfalt í eigin framleiðslu (%) | | 0 |
| Hjálparefni | | |
| Bikþeyta (emulsion) (%) | | 0 |
| Trefjar (%) | | 0 |
| Viðlöðunarefni (%) | | 0 |
| Sleipiefni (l) | | 0 |
| SBS (l) | | 0 |
| Olíunotkun | | |
| Brennsluolía v/Malbikunarstöðvar, véla, ökutækja (%) | | 0 |
| Ýmsar olíur og smurefni (%) | | 0 |
| Aðrar olíur og smurefni (kg) | | |
| Orka | | |
| Rafmagn (%) | | 0 |
| Vatn | | |
| Jarðhitavatn (m ³) | | 0 |
| Kalt vatn (m ³) | | 0 |
| Gas | | |
| Acetylen (l) | | 0 |
| Propangas (l) | | 0 |
| Súrefni (l) | | 0 |
| Mision 18 (Argon mix) (l) | | 0 |
| Kolsýra (l) | | 0 |
| Ryk í útblæstri Benninghovenstöðvar (mg/Nm³) | | 0 |
| Spilliefni | | |
| Rafgeymar (kg) | | 0 |
| Úrgangsolía (kg) | | 0 |
| Málning, olíumengaður úrgangur (kg) | | 0 |
| Málning, olíumengaður úrgangur (l) | | 0 |
| Úrgangur til endurvinnslu | | |
| Brotajárn (kg) | | 0 |
| Lífrænt (kg) | | 0 |
| Græn ílát (sléttur pappír, pappi, plast) (kg) | | 0 |
| Timbur (kg) | | 0 |
| Dagblaðapappír (kg) | | 0 |
| Gæðapappír (kg) | | 0 |
| Úrgangur til urðunar | | |
| Grófur úrgangur (kg) | | 0 |
| Almennt sorp (kg) | | 0 |

Eftirlitsmælingar 2021:

Innra eftirlit vaktar og stýrir þeim umhverfisþáttum sem kveður á um í starfsleyfi fyrirtækisins. Rykmælingar verða framkvæmdar. Frárennslismælingar verða gerðar annað hvert ár af utanaðkomandi aðila.

Þrýstiprófanir lagna og hljóðmælingar verða á fimm ára fresti á nýrri starfsstöð líkt og var á Sævarhöfða.

Þá eru botnþykktarmælingar gerðar á 10 ára fresti á asfalt- og olíugeymum sem eru stærri en 50 rúmmetrar. Gerður hefur verið samningur við Hlaðbæ Colas um geymslu á asfalti í birgðartönkum á þeirra lóð. Asfaltið er flutt frá birgðatönkunum í asfalttankabílum í dagtanka jafnóðum og þurfa þykir. Dagtankarnir sem verða settir að Álhelli eru nýsmíði og eru þar af leiðandi með góða einangrun í samræmi við ítrustu kröfur.

Gert var áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun 2021 sem er í samræmi við lög nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Niðurstöður áhættumatsins gefa til kynna hverfandi líkur á að helstu efni sem notuð af fyrirtækinu geti valdið bráðamengun.

EFTIRLIT Umhverfisstofnunar 2021:

Við hefðbundið eftirlit Umhverfisstofnunar 7. Des 2021 komu fram þrjár ábendingar en auk þess voru átta eldri frávik ennþá opin frá fyrrverandi framleiðanda malbiks að Álhelli. Send var úrbótaáætlun til Umhverfisstofnunar varðandi úrvinnslu þessara frávika sem var samþykkt af hálfu Umhverfisstofnunar. Þessi frávik verða leyst þegar framleiðsla malbiks hefst í Álhelli. Frávikin verða eftirfarandi þætti.

- Þjálfun starfsmanna-Umhverfisæfing verður eftir að það er byrjað að framleiða fyrir 1.maí
- Frágangur á lóð fyrir 1.maí verður í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins.
- Uppfærðar áætlanir um rekstur rykhreinsibúnaðar og viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðurskilyrða eru til staðar og samþykktar af Umhverfisstofnun.
- Umhverfisþættir skulu vera skráðir og fylgst með þeim reglulega. Umhverfisþættir sem verða fyrirtækið hafa verið umdir góðri stjórn að Sævarhöfða og verða staðfærðir að Álhelli.
- Rykmælingar-mæling fyrir 1.júlí eða um leið og unnt er.
- Olíuhell áfyllingarplan fyrir úðun vörubílsþalla- Unnið er að undirbúningi að malbikun á áfyllingarplönunum.
- Frágangur á geymum og lögnum. Hönnun á geymum og lögnum eru hjá Strendingi, verkfræðistofu sem lúta að samþykktum Umhverfisstofnunar.
- Eftirfylgni með virkni reykahreinsibúnaðar skal vera jafnóðum í samræmi við starfsleyfi.

